

Viðauki A
Takmörkunarskyld efni

Flokkur	Efni	Ósóneyðingarhæfni*
Flokkur I	CFCl ₃ (CFC-11)	1,0
	CF ₂ Cl ₂ (CFC-12)	1,0
	C ₂ F ₃ Cl ₃ (CFC-113)	0,8
	C ₂ F ₄ Cl ₂ (CFC-114)	1,0
	C ₂ F ₅ Cl (CFC-115)	0,6
Flokkur II	CF ₂ BrCl (halón-1211)	3,0
	CF ₃ Br (halón-1301)	10,0
	C ₂ F ₄ Br ₂ (halón-2402)	(ákvörðuð verður síðar)

* Ósóneyðingarhæfni er áætluð á grundvelli fyrirbyggjandi vitneskju og verður endurskoðuð og breytt með reglulegu millibili.

Annex A
Controlled substances

Group	Substance	Ozone Depleting Potential*
Group I	CFCl ₃ (CFC-11)	1.0
	CF ₂ Cl ₂ (CFC-12)	1.0
	C ₂ F ₃ Cl ₃ (CFC-113)	0.8
	C ₂ F ₄ Cl ₂ (CFC-114)	1.0
	C ₂ F ₅ Cl (CFC-115)	0.6
Group II	CF ₂ BrCl (halon-1211)	3.0
	CF ₃ Br (halon-1301)	10.0
	C ₂ F ₄ Br ₂ (halon-2402)	(to be determined)

* These ozone depleting potentials are estimates based on existing knowledge and will be reviewed and revised periodically.

AUGLÝSING

um samning við Kanada um félagslegt öryggi.

Hinn 1. október 1989 öðlast gildi samningur um félagslegt öryggi milli Íslands og Kanada sem undirritaður var í Gimli 25. júní 1988.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, Reykjavík, 11. september 1989.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Hannes Hafstein.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR
um félagslegt öryggi milli Íslands og Kanada**

Ríkisstjórnir Íslands og Kanada,
sem hafa ákveðið að starfa saman á sviði félagslegs öryggis,
hafa ákveðið að gera með sér samning í því skyni, og
hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

**I. HLUTI
Almenn ákvæði****1. gr.
Skilgreiningar**

1. Í samningi þessum merkir
- (a) „ríkisstjórn Kanada“ ríkisstjórnina í umboði hennar hátignar drottningar Kanada, sem ráðherra heilbrigðis- og velferðarmála er í fyrirsvari fyrir,
 - (b) „landsvæði“, hvað Kanada snertir, kanadískt landsvæði, og, hvað Ísland snertir, íslenskt landsvæði,
 - (c) „löggjöf“ lög þau og reglugerðir sem tilgreind eru í 2. gr.,
 - (d) „lögbært stjórnvald“, hvað Kanada snertir, ráðherra þann eða þá sem falin er framkvæmd kanadískrar löggjafar, og, hvað Ísland snertir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið eða þá stofnun sem það ráðuneyti tilgreinir,
 - (e) „áunninn réttindatími“ þann framlags-, tryggingar- eða búsetutíma sem notaður er til að öðlast bótarétt samkvæmt löggjöf annars hvors aðilans,
 - (f) „bætur“ allar bætur í reiðu fé, lífeyri eða styrk sem löggjöf annars hvors aðilans kveður á um, þar með talin öll viðbót við eða aukning á slíkar bætur í reiðu fé, lífeyri eða styrk.
2. Sérhvert hugtak sem ekki er skilgreint í þessari grein skal hafa þá merkingu sem því er gefin í viðeigandi löggjöf.

**2. gr.
Löggjöf sem samningurinn gildir um**

1. Samningur þessi á við um eftirtalda löggjöf:
- (a) Hvað Kanada snertir
 - (i) lög um öryggi aldraðra og reglugerðir settar samkvæmt þeim, og
 - (ii) kanadísku lífeyrislögin og reglugerðir settar samkvæmt þeim;
 - (b) Hvað Ísland snertir
 - (i) ellilífeyri,
 - (ii) örorkulífeyri,
 - (iii) barnalífeyri,
 - (iv) ekkju- eða ekkilsbætur, og ekkjulífeyri.
2. Samningur þessi skal einnig ná til allrar löggjafar sem breytir, er viðauki við eða kemur í stað löggjafar sem tilgreind er í 1. tl., sbr. þó 3. tl.
3. Samningur þessi skal því aðeins ná til laga og reglugerða sem færa gildissvið núverandi löggjafar út til annarra flokka bótaþega að annar hvor aðilinn hafi ekki andmælt því gagnvart hinum innan þriggja mánaða frá því er honum var tilkynnt um lögin eða reglugerðirnar.

**3. gr.
Menn sem samningurinn gildir um**

Samningur þessi gildir um sérhvern þann mann sem lýtur eða hefur lotið kanadískri eða íslenskri löggjöf, og um þá sem hann framfærir eða lætur eftir sig í merkingu viðeigandi löggjafar annars hvors aðilans.

4. gr.

Samsvarandi meðferð

Hver sá, sem lýtur eða hefur lotið löggjöf annars aðilans, svo og sá, sem hann framfærir eða lætur eftir sig, skal bera skyldur samkvæmt löggjöf hins aðilans og njóta réttar til bóta samkvæmt henni með sömu skilyrðum og ríkisborgarar þess aðila. Þetta skal einnig gilda um þá ríkisborgara annars aðilans sem aldrei hafa lotið löggjöf hans, svo og um þá sem þeir framfæra eða láta eftir sig.

5. gr.

Yfirfærsla bóta

1. Sé ekki öðruvísi kveðið á í samningi þessum skulu bætur sem maður, er 3. gr. nær til, nýtur samkvæmt löggjöf annars aðilans, þar með taldar bætur sem hann nýtur vegna samnings þessa, ekki sæta neins konar skerðingu, breytingu, greiðslufrestun, niðurfellingu eða upptöku vegna þess eins að hann er búsettur á landsvæði hins aðilans, enda ber að greiða bæturnar þar.

2. Bætur sem samkvæmt samningi þessum ber að greiða manni sem lýtur eða hefur lotið löggjöf beggja aðila, eða þeim sem hann framfærir eða lætur eftir sig, skal greiða á landsvæði þriðja ríkis.

II. HLUTI

Ákvæði um hvaða löggjöf beita skuli

6. gr.

1. Að fullnægðum eftirfarandi ákvæðum þessarar greinar

(a) skal launþegi sem starfar á landsvæði annars aðilans aðeins háður löggjöf þess aðila hvað þau störf snertir, og

(b) sjálfstætt starfandi maður, sem er að jafnaði búsettur á landsvæði annars aðilans og starfar á eigin vegum á landsvæði hins eða á landsvæðum beggja, skal aðeins háður löggjöf fyrrnefnda aðilans hvað þau störf snertir.

2. Sé launþegi, sem löggjöf annars aðilans gildir um vegna starfs hjá vinnuveitanda með starfsstöð á landsvæði þess aðila, sendur af vinnuveitandanum til starfa á landsvæði hins, skal hann hvað þau störf snertir aðeins háður löggjöf fyrrnefnda aðilans eins og störfín væru unnin á landsvæði hans. Þetta skal þó aðeins gilda ef ekki er gert ráð fyrir að launþeginn sé sendur til starfa á landsvæði hins aðilans lengur en í 24 mánuði. Þó má, eflögbær stjórnvöld beggja aðila samþykka það áður, lengja þann tíma sem löggjöfin tekur til hans umfram 24 mánuði.

3. (a) 2. tl. skal gilda um mann sem sendur er til starfa í stöð á landsgrunnssvæði aðila í tengslum við könnun á sjávarbotni og botnlögum neðansjár á því svæði eða nýtingu jarðefnaauðlinda þar, eins og stöðin væri staðsett á landsvæði þess aðila.

(b) Hvað þessa grein snertir tekur landgrunnssvæði aðila til allra svæða utan landhelgi hans, ef um svæði er að ræða þar sem aðilinn má samkvæmt þjóðarétti og landslögum beita rétti til sjávarbotnsins eða botnlaga neðansjár og til náttúruauðlinda þar.

4. Maður sem myndi háður löggjöf beggja aðila vegna launþegastarfa sem skipverji, ef samningi þessum væri ekki til að dreifa, skal hvað þau störf snertir aðeins háður kanadískri löggjöf ef hann er að jafnaði búsettur í Kanada, en aðeins íslenskri löggjöf ef svo er ekki.

5. Launþegi skal hvað snertir launþegastörf í þágu ríkisvalds annars aðilans sem unnin eru á landsvæði hins aðilans aðeins vera háður löggjöf síðarnefnda aðilans ef hann er ríkisborgari hans eða er að jafnaði búsettur á landsvæði hans. Ef svo er getur hann þó valið að vera aðeins háður löggjöf fyrrnefnda aðilans, enda sé hann ríkisborgari hans. 4. grein skal ekki veita þennan valrétt manni sem ekki er ríkisborgari hins fyrrnefnda aðila.

6. Lögbær stjórnvöld aðilanna geta komið sér saman um að breyta framkvæmd ákvæða þessarar greinar gagnvart hvaða mönnum eða flokkum manna sem er.

7. gr.

Skilgreiningar varðandi búsetutímabil með tilliti til kanadískrar og íslenskrar löggjafar

1. Hvað snertir bótaútreikning samkvæmt hinum kanadísku lögum um öryggi aldraðra,

(a) skal, ef kanadísku lífeyrislögin eða almenn lífeyrislög kanadískis fylkis gilda um mann á einhverju því tímabili er hann er búsettur á íslensku landsvæði, sá búsetutími talinn jafngildur búsetutíma í Kanada hvað hann varðar, svo og hvað varðar maka hans eða menn á framfæri hans sem með honum búa og ekki eru háðir íslenskri löggjöf vegna starfs.

(b) skal, ef íslensk löggjöf gildir um mann á einhverju því tímabili er hann er búsettur á kanadísku landsvæði, sá búsetutími ekki talinn til búsetutíma í Kanada hvað hann varðar, né hvað varðar maka hans eða menn á framfæri hans sem með honum búa og ekki eru háðir kanadísku lífeyrislögunum eða almennum lífeyrislögum kanadískis fylkis vegna starfs.

2. Hvað snertir íslenska löggjöf,

(a) skal, ef íslensk löggjöf gildir um mann á einhverju því tímabili er hann er búsettur á kanadísku landsvæði, sá búsetutími talinn jafngildur lögheimilistíma á Íslandi hvað hann varðar, svo og hvað varðar maka hans eða menn á framfæri hans sem með honum búa og ekki eru háðir kanadískri löggjöf vegna starfs.

(b) skal, ef kanadísk löggjöf gildir um mann á einhverju því tímabili er hann er búsettur á íslensku landsvæði, sá búsetutími ekki talinn til lögheimilistíma á Íslandi hvað hann varðar, né hvað varðar maka hans eða menn á framfæri hans sem með honum búa og ekki eru háðir íslenskri löggjöf vegna starfs.

III. HLUTI

Ákvæði um bætur

1. KAFLI

Samlagning tímabila

8. gr.

Eigi maður ekki tiltekinn bótarétt á grundvelli áunnins réttindatíma samkvæmt löggjöf annars aðilans, skal réttur til þeirra bóta ákvarðaður með samlagningu þeirra við áunninn réttindatíma samkvæmt löggjöf hins aðilans, enda skarist ekki tímabilin.

9. gr.

Nú á maður ekki tiltekinn bótarétt á grundvelli áunnins réttindatíma samkvæmt löggjöf aðilanna að réttindatíma samanlögðum samkvæmt samningi þessum, og skal réttur til þeirra bóta þá ákvarðaður með samlagningu þess tíma við áunninn réttindatíma samkvæmt lögum þriðja ríkis sem báðir aðilar hafa gert samning við um félagslegt öryggi er mælir fyrir um samlagningu tímabila.

10. gr.

1. Nái samanlagður áunninn réttindatími samkvæmt löggjöf annars aðilans ekki einu ári og ekki er til að dreifa bótarétti samkvæmt þeirri löggjöf sé aðeins tekið tillit til hans, er lögbæru stjórnvaldi þess aðila ekki skylt að greiða bætur vegna þess tíma samkvæmt samningi þessum.

2. Þó skal lögbært stjórnvald hins aðilans taka mið af þessum tíma við ákvörðun bótaréttar samkvæmt lögum hans með beitingu 8. og 9. greinar.

2. KAFLI

Bætur samkvæmt kanadískri löggjöf

11. gr.

Bætur samkvæmt lögum um öryggi aldraðra

1. (a) Eigi maður rétt til greiðslu lífeyris í Kanada samkvæmt lögum um öryggi aldraðra án þess að bera fyrir sig ákvæði samnings þessa, en hefur ekki verið búsettur í Kanada svo lengi alls að hann eigi rétt til greiðslu lífeyris erlendis samkvæmt þeim lögum, skal greiða honum hlutagreiðslu lífeyris utan kanadískis landsvæðis ef áunninn réttindatími, samanlagður samkvæmt ákvæðum samnings þessa,

nemur að minnsta kosti þeim lágmarksbúsetutíma í Kanada sem lög um öryggi aldraðra krefjast til greiðslu lífeyris erlendis.

(b) Er þannig stendur á ber einungis að reikna lífeyrisfjárhæð samkvæmt þeim ákvæðum laga um öryggi aldraðra sem fjalla um hlutagreiðslu lífeyris á grundvelli áunnins réttindatíma samkvæmt þeim lögum.

2. (a) Eigi maður ekki rétt til ellilífeyris eða makabóta á grundvelli búsetutíma í Kanada einungis skal greiða honum hlutagreiðslu lífeyris eða makabóta ef áunninn réttindatími, samanlagður samkvæmt ákvæðum samnings þessa, nemur að minnsta kosti þeim lágmarksbúsetutíma í Kanada sem lög um öryggi aldraðra krefjast til greiðslu lífeyris eða makabóta.

(b) Er þannig stendur á ber einungis að reikna fjárhæð lífeyris eða makabóta samkvæmt þeim ákvæðum laga um öryggi aldraðra sem fjalla um hlutagreiðslu lífeyris á grundvelli áunnins réttindatíma samkvæmt þeim lögum.

2. (a) Eigi maður ekki rétt til ellilífeyris eða makabóta á grundvelli búsetutíma í Kanada einungis skal greiða honum hlutagreiðslu lífeyris eða makabóta ef áunninn réttindatími, samanlagður samkvæmt ákvæðum samnings þessa, nemur að minnsta kosti þeim lágmarksbúsetutíma í Kanada sem lög um öryggi aldraðra krefjast til greiðslu lífeyris eða makabóta.

(b) Er þannig stendur á ber einungis að reikna fjárhæð lífeyris eða makabóta samkvæmt þeim ákvæðum laga um öryggi aldraðra sem fjalla um hlutagreiðslu lífeyris eða makabóta á grundvelli áunnins réttindatíma samkvæmt þeim lögum.

3. (a) Þrátt fyrir önnur ákvæði samnings þessa skal lögbært kanadískt stjórnvald ekki skylt að greiða manni ellilífeyri utan kanadískts landsvæðis ef áunninn réttindatími, samanlagður samkvæmt ákvæðum samnings þessa, nemur ekki að minnsta kosti þeim lágmarksbúsetutíma í Kanada sem lög um öryggi aldraðra krefjast til greiðslu lífeyris erlendis.

(b) Makabætur og tekjutryggingarauka skal aðeins greiða utan kanadískts landsvæðis að því leyti sem lög um öryggi aldraðra heimila.

12. gr.

Bætur samkvæmt kanadísku lífeyrslögum

1. Eigi maður ekki rétt til örorkulífeyris, bóta til barns vegna örorku framlagsmanns, lífeyris til eftirlifanda, munaðarleysingjabóta eða dánarbóta á grundvelli áunnins réttindatíma samkvæmt kanadísku lífeyrslögum einungis, en á þó rétt til þessa á grundvelli samlagningar áunnins réttindatíma samkvæmt samningi þessum, skal lögbært kanadískt stjórnvald reikna út að hve miklu leyti bætur þessar eru vegna tekna samkvæmt ákvæðum kanadísku lífeyrslaganna einungis á grundvelli þeirra tekna sem veita lífeyrisréttindi samkvæmt þeim.

2. (a) Er þannig stendur á skal reikna út grunnupphæð þeirra bóta sem greiða skal samkvæmt ákvæðum samnings þessa með því að margfalda

(i) grunnupphæð bóta sem ákvörðuð er samkvæmt ákvæðum kanadísku lífeyrslaganna með

(ii) brotatölu sem svarar til hlutfalls framlagstíma til kanadísku lífeyrisáætlunarinnar við lágmarksframlagstíma þann sem krafist er í kanadísku lífeyrslögum til að öðlast rétt til þeirra bóta.

(b) Brotatalan skv. lið (a) (ii) skal þó aldrei vera stærri en einn.

3. KAFLI

Bætur samkvæmt íslenskri löggjöf

13. gr.

1. Þar sem þess er krafist að maður skuli eiga lögheimili á Íslandi til að öðlast rétt til örorkulífeyris, barnalífeyris, ekkju- eða ekkilsbóta eða ekkjulífeyris, skal líta á búsetu í Kanada sem lögheimili á Íslandi.

2. Nú öðlast maður rétt til ellilífeyris, örorkulífeyris eða ekkjulífeyris samkvæmt samningi þessum, og skal þá, sbr. þó 3. og 4. tl., reikna bótafjárhæð samkvæmt ákvæðum íslenskrar löggjafar einungis á grundvelli áunnins réttindatíma samkvæmt þeirri löggjöf.

3. Nú býr aðili utan Íslands, og átti ekki rétt til örorkulífeyris eða ekkjulífeyris er hann fór frá Íslandi, og skal þá, þegar lögheimilistími á Íslandi er ákvarðaður með tilliti til þeirra bóta, einungis tekið

tillit til þess tíma uns hann verður 67 ára í hlutfalli þess tíma er hann átti lögheimili á Íslandi eftir að hann varð 16 ára við heildarlengd þess tíma og unnins réttindatíma samkvæmt hinum kanadísku lögum um öryggi aldraðra.

4. Þrátt fyrir önnur ákvæði samnings þessa skal ekki greiða tekjutryggingu eða heimilisuppbót með elli- eða örorkulífeyri til aðila sem býr utan íslensks landsvæðis.

5. Nú er réttur til barnalífeyris eða ekkju- eða ekkilsbóta byggður á samningi þessum, og skal þá ákvarða upphæð lífeyrisins eða bótanna með því að margfalda

- (i) bótaupphæð sem ákvörðuð er samkvæmt íslenskri löggjöf með
- (ii) brotatölu sem svarar til hlutfalls áunnins réttindatíma samkvæmt íslenskri löggjöf við heildarlengd áunnins réttindatíma samkvæmt bæði íslenskri og kanadískri löggjöf.

4. KAFLI

Ákvæði um framkvæmd o.fl.

14. gr.

1. Lögbær stjórnvöld, sem falin er framkvæmd samnings þessa,

(a) skulu að svo miklu leyti sem löggjöf, sem störf þeirra byggjast á, heimilar veita hvort öðru allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar samnings þessa,

(b) skulu veita hvort öðru alla aðstoð hvað snertir ákvörðun á eða greiðslu á bótum samkvæmt samningi þessum eða löggjöf þeirri sem samningur þessi gildir um, eins og um framkvæmd eigin löggjafar væri að ræða,

(c) skulu senda hvort öðru svo fljótt sem verða má allar upplýsingar um þær ráðstafanir sem þau hafa gert til þess að framfylgja samningi þessum eða um breytingar á löggjöf sinni að svo miklu leyti sem þær breytingar hafa áhrif á framkvæmd samningsins.

2. Aðstoð sú sem um er fjallað í b-lið 1. tl. skal veitt endurgjaldslaust, nema lögbær stjórnvöld aðilanna verði ásátt um að ákveðin útgjöld skuli endurgreidd.

3. Séu ekki ákvæði í lögum annars aðilans um að upplýsingar um hagi manns skuli vera opinberar, skulu allar slíkar upplýsingar sem hinn aðilinn veitir honum vera trúnaðarmál, og má aðeins nota þær til að framfylgja samningi þessum og þeirri löggjöf sem samningur þessi gildir um.

15. gr.

1. Lögbær stjórnvöld aðilanna skulu með samkomulagi um framkvæmd samnings þessa koma á þeim stjórnunarráðstöfunum sem nauðsynlegar eru til að framfylgja honum.

2. Tilgreina skal milligöngustofnanir aðilanna í samkomulaginu.

16. gr.

1. Þar sem löggjöf annars aðilans mælir fyrir um undanþágu frá eða lækkun skatta, lögbundinna gjalda, greiðslna fyrir ræðisathafnir eða gjalda til stjórnvalda vegna útgáfu vottorðs eða skjals sem framvísa ber vegna framkvæmdar þeirrar löggjafar, skal undanþágan eða lækkunin einnig ná til vottorða eða skjala sem framvísa ber vegna framkvæmdar löggjafar hins aðilans.

2. Öll opinber skjöl eða ágríp sem framvísa ber vegna framkvæmdar samnings þessa skulu undanþegin kröfum um staðfestingu sendiráðs eða ræðisstofnunar og hliðstæðum formkröfum.

17. gr.

Lögbær stjórnvöld aðilanna mega til þess að framfylgja samningi þessum hafa beint samband hvort við annað á hvaða opinberu tungumáli hvors aðilans sem er.

18. gr.

1. Kröfu, tilkynningu eða málskot sem varðar ákvörðun eða greiðslu á bótum samkvæmt löggjöf annars aðilans, sem hefði vegna framkvæmdar þeirrar löggjafar átt að leggja fyrir lögbært stjórnvald hans innan tiltekins frests, en lögð er fyrir lögbært stjórnvald hins aðilans innan sama frests, skal farið með eins og það hefði verið gert hjá stjórnvaldi fyrrnefnda aðilans.

2. Líta skal á kröfu um bætur samkvæmt löggjöf annars aðilans sem kröfu um samsvarandi bætur samkvæmt löggjöf hins, enda hafi umsækjandi

(a) óskað þess að með umsóknina yrði farið sem umsókn samkvæmt löggjöf hins aðilans, eða

(b) lagt fram á þeim tíma er sótt er um bætur upplýsingar um áunninn réttindatíma samkvæmt löggjöf hins aðilans. Þó getur umsækjandi óskað þess að umsókn hans um bætur samkvæmt löggjöf hins aðilans verði frestað.

3. Er þannig stendur á sem í 1. og 2. tl. segir skal stjórnvald það sem kröfu, tilkynningu eða málskoti hefur verið komið á framfæri við ávallt senda þau án tafar til stjórnvalds hins aðilans.

19. gr.

1. Greiðslustjórnvald aðila má inna af hendi skuldbindingar hans samkvæmt samningi þessum í gjaldmiðli þess aðila.

2. Greiða skal bótaþegum bætur án þess að dreginn sé frá nokkur framkvæmdarkostnaður sem á kann að falla vegna greiðslunnar.

20. gr.

Lögbær stjórnvöld aðilanna skulu svo sem unnt er leysa allan þann vanda, sem upp kann að koma við túlkun eða framkvæmd samnings þessa, í samræmi við anda hans og meginreglur.

21. gr.

Hlutaðeigandi íslensk yfirvöld og yfirvöld kanadísks fylkis geta gert með sér samkomulag um hvert það mál varðandi félagslegt öryggi sem fellur innan kanadískrar fylkislögsögu, enda sé samkomulagið ekki í ósamræmi við ákvæði samnings þessa.

5. KAFLI

Bráðabirgðaákvæði og lokaákvæði

22. gr.

1. Við ákvörðun um bótarétt samkvæmt samningi þessum skal taka til greina allan áunninn réttindatíma fyrir gildistöku samnings þessa.

2. Ekkert ákvæði samnings þessa veitir manni rétt til þess að fá greiddar bætur fyrir tímabil fyrir gildistöku samnings þessa.

3. Bætur, aðrar en eingreiðslur, skal greiða samkvæmt samningi þessum vegna atvika sem gerðust fyrir gildistökudag hans, sbr. þó 2. tl.

23. gr.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann mánuð er hvor aðili um sig hefur móttengið skriflega tilkynningu hins um að hann hafi fullnægt öllum skilyrðum um gildistöku samningsins.

2. Gildi samnings þessa er ótímabundið. Hvor aðili um sig getur sagt honum upp hvenær sem er með því að tilkynna hinum þar um skriflega með 12 mánaða fyrirvara.

3. Gangi samningur þessi úr gildi skal réttur til bóta sem maður hefur öðlast samkvæmt ákvæðum hans haldast, og samið skal um hvernig útkljá skuli um öll önnur réttindi sem maður er að vinna sér vegna ákvæða hans.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tveimur samhljóða frumritum í Gimli hinn 25. júní 1988, á íslensku, ensku og frönsku, og skulu allir textar jafngildir.